

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – desember 2023

Skráð atvinnuleysi í desember var 3,6%

Skráð atvinnuleysi í desember var 3,6% og hækkaði úr 3,4% í nóvember. Í desember 2022 var atvinnuleysið hins vegar 3,4%.

Að meðaltali voru 6.848 atvinnulausir í desember, 3.975 karlar og 2.873 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 322 frá nóvember.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 5,6% og hækkaði úr 5,3% frá nóvember.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,6%, á Austurlandi 2,3% og eins 2,8% á Vestfjörðum.

Alls kom inn 121 nýtt starf sem auglýst var í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember.


Atvinnulausir voru 7.241 í lok desember, 4.151 karl og 3.090 konur.

Í desember var 181 einstaklingur á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og níu einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Í desember 2023 gaf Vinnumálastofnun út 203 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 146 á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi gæti orðið á bilinu 3,6% til 3,8% í janúar 2024.

Próun atvinnuleysis frá desember 2021 til desember 2023




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði á flestum stöðum á landinu frá nóvember nema á Vestfjörðum og Austurlandi þar sem það stóð í stað. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 5,6% og hækkaði úr 5,3% frá nóvember. Næst mest var atvinnuleysið 3,6% á höfuðborgarsvæðinu í desember og hækkaði úr 3,5% frá nóvember. Atvinnuleysi var 3,5% á landsbyggðinni í desember og hækkaði úr 3,2% frá nóvember.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,6%, á Austurlandi 2,3% og eins 2,8% á Vestfjörðum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í nóvember og desember.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á tveimur svæðum á landinu í desember, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,5% og 3,6% meðal kvenna og á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,2% og 2,5% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í desember.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.241 í lok desember, 4.151 karl og 3.090 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 210 frá nóvemberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 63.

Alls voru 720 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok desember og fjölgaði um átta frá nóvember.

Alls höfðu 1.127 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok desember 2023 og fækkaði um sex frá nóvember. Í desember 2022 var fjöldi þeirra hins vegar 1.786 og nemur fækkunin 659 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.481 í desember síðastliðnum en voru 1.441 í desember 2022.



Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í desember, mest var fjölgunin í byggingariðnaði.

Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok desember í þremur atvinnugreinum, opinberri þjónustu, farþegaflutningum með flugi og listum.

Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.761 sem er um 44% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.


Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok desember 2023



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.995 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok desember og fjölgaði um 221 frá nóvember. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 55% í lok desember.




Atvinnuleyfi


Í desember 2023 gaf Vinnumálastofnun út 203 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 146 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 87 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 116 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í desember, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 62 leyfi. Þá voru gefin út 49 leyfi vegna skorts á vinnuafli og 42 þjónustusamningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í desember voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 36%, 27% vegna sérhæfðs iðnverkafélks og 22% vegna þjónustustarfa. Um 15% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í desember



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, desember 2023



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 46 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í desember 2023 með samtals 376 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 585 í desember á vegum 22 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 39%, 21% frá Lettlandi og 19% frá Litáen. Þeir sem eftir standa eða um 21% starfsmanna komu frá 14 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í desember 2023 voru gefin út 136 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 80 einstaklingar. Fjórtán fóru til Slóvakíu, sjö til Spánnar og sex fóru til Litáen. Þá voru gefin út 29 vottorð til viðbótar til 12 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls kom inn 121 nýtt starf sem auglýst var í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 56 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 65% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 8% á Suðurnesjum og 7% á Vesturlandi. Þá eru 19% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í desember 2023



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í desember var 181 einstaklingur á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og níu einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 125 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.